



## Erindisbréf Orlofsnefnd LSS

Stjórn LSS/orlofssjóðs skipar eftirfarandi aðila í orlofsnefnd LSS til tveggja ára.

Kristmundur Carter, SHS, formaður nefndarinnar, [kcarter@internet.is](mailto:kcarter@internet.is) s: 691 7979

Björn Ingvar Björnsson, BS, [bjorningvarbjornsson@gmail.com](mailto:bjorningvarbjornsson@gmail.com) s: 847 3170

Guðjón Páll Sigurðsson, SA, [gudjonpall@gmail.com](mailto:gudjonpall@gmail.com) s: 867 8319

Finnur Hilmarsson, SHS, [finnurh@shs.is](mailto:finnurh@shs.is) s: 897 7011

Orlofssjóður er sjálfstæður sjóður og starfar skv. samþykktum þess. Stjórn LSS skipar stjórn orlofssjóðs og er ábyrg fyrir rekstri hans. Stjórn LSS skipar fjóra aðila í orlofsnefnd til tveggja ára í senn. Stjórnar LSS eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn LSS eru starfsmenn sjóðsins.

**Gildistími skipunar:** Maí 2018 – apríl 2020.

### Markmið sjóðsins er að:

- Tryggja félagsmönnum góða aðstöðu og gott framboð gistinga í orlofi sínu.
- Að vinna að eflingu orlofsframboða fyrir félagsmenn.
- Tryggja félagsmönnum góð kjör á ferðum, gistingu og afþreyingu.
- Móta stefnu LSS í orlofsmálum og fylgja eftir stjórnar- og þingsamþykktum.

### Hlutverk:

Orlofsnefnd ber ábyrgð á daglegum rekstri orlofsíbúða, eignum þess og viðhaldi. Nefndarmönnum ber að vinna eftir áherslum stjórnar LSS og funda því reglubundið með gjaldkera og framkvæmdastjóra LSS. Orlofsnefnd heldur gerðarbók og skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Ekki er greidd þóknun fyrir setu í nefndinni enda um sjálfboðaliðastarf að ræða en útlagður kostnaður er greiddur af sjóðnum. Orlofsnefnd hefur að leiðarljósi siðareglur, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.

### Hlutverk orlofsnefndar eru m.a.:

- Bera ábyrgð á afgreiðslu umsókna um leigu orlofsíbúða/húsa félagsins.
- Bera ábyrgð á daglegum rekstri orlofsíbúða félagsins.
- Bera ábyrgð á viðhaldi á eignum félagsins.
- Hefur umsjón með stærri framkvæmdum á eignum félagsins.
- Sýnir frumkvæði að nýjungum og þróun á orlofsmálum félagsins.
- Leitar eftir betri kjörum á ferðalögum fyrir félagsmenn hvort það er gisting, ferðalög, afþreying, matur ofl.

### Starfshættir

Formaður nefndarinnar ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréflæg eða rafræn og send öðrum nefndarmönnum auk gjaldkera og framkvæmdastjóra LSS, eigi síðar en fjórum sólarhringum fyrir fund. Fundað skal eins oft og þurfa þykir.



### Vonast er til að orlofsnefnd skili eftirfarandi árangri:

- Allar eignir LSS séu í góðu ásigkomulagi.
- Ánægðum félagsmönnum eftir dvöl þeirra í orlofsíbúðum LSS.
- Hagkvæmari viðskiptum fyrir félagsmenn á gistingu, ferðalögum og afþreyingu.
- Að kvartanir félagsmanna séu í lágmarki.
- Að orlofssjóður haldi í við þróun á uppbyggingu orlofsíbúða eins og önnur stéttarfélög.

### Fjármál

Orlofssjóður er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá atvinnurekendum. Fjárhags- framkvæmda- og viðhaldsáætlanir skulu unnar í samráði við framkvæmdastjóra LSS. Öll fjárútlát skulu unnin í samráði við framkvæmdastjóra LSS. Allar stærri framkvæmdir skal bera undir stjórn LSS.

**Tengiliður úr stjórn LSS:** Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS.

**Samstarfsaðili á skrifstofu:** Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS.

Reykjavík, 12. september 2018

---

Magnús Smári Smáráson  
Formaður

---

Steinþór Darri Þorsteinsson  
Varaformaður